

VI. KAFLI
Gjöld fyrir Vörumerkja- og einkaleyfatíðindi o.fl.

16. gr.

a) Áskriftargjald á ári	2.100
b) Lausasala, hvert eintak	250
c) Sérít 1991-1994, hvert eintak	2.500
d) Sérít, eldri árgangar, hvert eintak	1.100
e) Áskrift að ágripi vegna birtra og/eða aðgengilegra einkaleyfisumsókna	1.200
f) Ýmsar útskriftir í prentuðu eða fjölrituðu formi, þ. á m. íslensk lög og reglugerðir í erlendri þýðingu eða alþjóðlegir sáttmálar í íslenski þýðingu	220

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

17. gr.

Gjöld skv. reglugerð þessari greiðast Einkaleyfastofunni ef ekki er annað tekið fram.

Gjöld skv. 1. mgr. 1. gr., 2. gr., 3. gr. og 8. tl. 4. gr. endurgreiðast ekki þótt einkaleyfisumsókn verði afskrifuð, henni hafnað eða hún dregin til baka, beiðni um endurupptöku eða endurveitingu verði hafnað eða hún dregin til baka eða þótt einkaleyfishafi kjósi að láta einkaleyfi sitt falla úr gildi.

Gjöld skv. 5., 6., 7. og 9. grein skulu greidd við afhendingu umsóknar. Gjöld þessi verða ekki endurgreidd þótt synjað sé um skráningu eða umsókn afturkölluð. Undantekning er þó varðandi c-lið 9. gr.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 68. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi og 46. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki, sbr. lög nr. 31/1984, sbr. lög nr. 67/1993 og 40 gr. laga nr. 48/1993 um hönnunarvernd, og öðlast gildi 1. janúar 1996. Jafnframt falla úr gildi reglugerðir nr. 513/1993, nr. 177/1994 og nr. 167/1995.

Iðnaðarráðuneytið, 8. desember 1995.

F. h. r.

Porkell Helgason.

Kristmundur Halldórsson.

SKIPULAGSSKRÁ
fyrir Rannsóknarsjóð leikskóla.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Rannsóknarsjóður leikskóla og er stofnaður af Fóstrufélagi Íslands til minningar um formann félagsins, Selmu Dóru Þorsteinsdóttur.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 500.000 og skal það haldast óskert. Stjórn sjóðsins skal varðveita eignir hans og leitast við að ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt.

3. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera:

- a. Vextir og arður af eignum sjóðsins.
- b. Minningargjafir sem sjóðnum berast.
- d. Ágóði af sérstökum fjáröflunum á vegum Fóstrufélags Íslands eða annarra aðila.
- e. Aðrar tekjur.

4. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja rannsóknir tengdar leikskólauppeldi.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn tilnefndir af stjórn Fóstrufélags Íslands. Einnig skal tilnefna 2 varamenn. Tilnefningar gilda til 2ja ára í senn. Stjórn skiptir sjálf með sér verkum. Gjaldkeri hennar hefur á hendi vörslu sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins auglýsir eftir umsóknum um framlög úr sjóðnum eftir því sem henni þykir henta og úthlutar úr sjóðnum og metur framlag til umsækjenda í samræmi við markmið hans.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af lög-giltum endurskoðanda.

8. gr.

Breytingar á skipulagsskrá sjóðsins má gera sé einfaldur meirihluti sjóðsstjórnar því fylgjandi.

9. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður renna eignir hans til Fóstrufélags Íslands.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, sbr. lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá

Samþykkt á vorkundi fulltrúaráðs Fóstrufélags Íslands þann 8. maí 1993.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. nóvember 1995.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanneý Óskarsdóttir.